

Hér með gera Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi, Brim hf. kt. 541185-0389, Akraneskaupstaður kt. 4120169-4449 og Faxaflóahafnir sf. kt.530269-7529 með sér eftirfarandi

SAMKOMULULAG UM AFNOT OG
REKSUR GEYMSLUSVÆÐIS Á BREIÐ Á AKRANESI:

1. gr.

Á tíunda áratug síðustu aldur kom Akraneshöfn upp geymslusvæði fyrir gáma og báta á svonefndri Breið á Akranesi. Síðustu ár hafa Faxaflóahafnir sf. verið með svæðið í sinni umsjá og rekstri. Svæðið skiptist í tvær lóðir sem eru eftirfarandi (**sbr. fylgiskjal 1**):

- a) Hafnarbraut 15, sem er 2.827,5 m² í eigu Brim hf.
- b) Breiðargata 3, sem er 2.016,0 m² nú í sameign Brims hf. (82,94%) og Akraneskaupstaðar 17,06%)

Aðilum samnings þessa eru ljósar áform um vinnu við deiliskipulags svæðisins og að afnot svæðisins eru takmörkuð í tíma þegar fyrirhugaðar framkvæmdir á því fara af stað.

2. gr.

Brim hf. og Akraneskaupstaður samþykkja að Sæljóni sé falin umsjá og rekstur svæðisins án endurgjalds. Sæljón skal hins vegar annast greiðslu alls rekstrarkostnaðar svæðisins þ.m.t. vegna nauðsynlegs viðhalds girðinga, lagna o.fl.

Sæljóni, félagi smábátæigenda á Akranesi er heimilt að setja reksturinn í sérstakt félag sem Sæljón skal vera eigandi að, en framsal samnings þessa er að öðru leyti óheimil.

Faxaflóahafnir sf. samþykkja fyrir sitt leyti að hverfa frá umsjón svæðisins og rekstri frá og með undirritun samnings þessa og samþykkir að lóðareigendur, Brim hf. og Akraneskaupstaður, séu frá þeim tíma eignendur girðinga, yfirborðsefnis og lagna sem á svæðinu eru.

3. gr.

Afnotatími Sæljóns er að lágmarki tvö ár frá undirritun samningsins, en eigandi lóðar getur með formlegum hætti tilkynnt Sæljóni, smábátafélagi á Akranesi með sex mánaða fyrirvara að afnotum þess ljúki. Skal þá Sæljón tilkynna þeim sem á geymslusvæðinu eru að þeir fjarlægji báta og gáma innan þess tíma. Verði ekki orðið við þeirri áskorun mun eigandi lóðanna grípa til nauðsynlegra aðgerða til að rýma svæðið.

Þegar afnotum verður sagt upp munu Akraneskaupstaður og Sæljón félag smábátæigenda á Akranesi í samvinnu við Faxaflóahafnir sf. taka upp viðræður um framtíðar fyrirkomulag aðstöðumála smábátæigenda á Akranesi.

4. gr.

Afnot svæðisins eru bundin við geymslu smábáta (undir 20 brt.) og gáma sem nauðsynlegir eru vegna útgerðar báta. Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi skal setja reglur um útleigu reita á svæðinu og annast eftirlit með að þeir skilmálar séu haldnir. Umgengi um svæðið skal vera í samræmi við góða umhverfishætti. Þrátt fyrir að Sæljón feli félagi í þess eigu umsjón svæðisins getur eigandi lóðanna beint bindandi tilkynningum og áskorunum til smábátafélagsins.

Akranesi ____ . október 2023

F.h. Sæljóns, félags
smábátæigenda á
Akranesi skv. samþykkt
aðalfundar:

F.h. Faxaflóahafna sf.

F.h. Brims hf.

F.h. Akraneskaupstaðar

Jóhannes Símonsén
form. Sæljóns

Helgi Laxdal

Ingófur Steingrims.

Haraldur Benediktsson
bæjarstjóri